

Fimmtudaginn 13. október 1988.  
 Nr. 179/1987. **Pétur Gunnlaugsson**

gegn

**Steypustöðinni hf.**

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

**Gísla Baldri Garðarssyni hrl.**

**Samvinnutryggingum g.t.**

**Hallgrími Magnússyni**

**Samvinnubankanum hf.**

**Alþýðubankanum hf.**

**Ólafi Bjarna Finnbogasyni**

**Ræstingamiðstöðinni hf.**

**Ólafi Thoroddsen hdl.**

**Hibýlum sf.**

**Völundi hf.**

**Flugleiðum hf.**

**tollstjóranum í Reykjavík**

**Landsbanka Íslands**

**Árvakri hf.**

**Ásgeiri Jónssyni hdl.**

**Lífeyrissjóði verslunarmanna**

**Birni Ól. Hallgrímssyni hdl.**

**Viðari Guðjohnsen**

**Stefáni Tyrfingssyni og**

**Sigurði Kristjánsyni**

Frestur. Málið vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1987, en hann áfrýjar nauðungaruppboði, sem fram fór 5. mars 1987. Var málið þingfest 2. október 1987 og fékk áfrýjandi þá frest til febrúarmánaðar 1988. Hefur hann síðan fengið frest þrisvar, þ.e. til aprílmánaðar, júnímánðar og októbermánaðar 1988. Er málið

var tekið fyrir 3. október sl. það áfrýjandi enn um að málinu yrði frestað til desembermánaðar. Því var andmælt af hálfu stefndu.

Mál þetta var áður mál nr. 120/1987 og var stefna í því gefin út 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí 1987, en þá féll málsókn niður vegna útivistar.

Þar sem áfrýjandi hefur margsinnis fengið fresti, sem hefðu átt að nægja honum til að búa mál sitt til flutnings í Hæstarétti, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Þer því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík og tollstjóranum í Reykjavík, eins og þeir hafa krafist, málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík og tollstjóranum í Reykjavík, 5.000,00 krónur til hvors um sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.